

31

16. gr.

28. febr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, enda hafi breytingar-tillagnanna verið getið í fundarboði og að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundar-manna séu samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. marz 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

32

28. febr.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitufélag Vogakaupþúns.

1. gr.

Af öllum fasteignum félagsmanna á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum er fá vatn úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er nemi 6% af fasteigna-matsverði fasteigna félagsmanna á vatnsveitusvæðinu.

Af vatni í þvottahús og smáskúra, sem áföst eru við íbúðarhús eða notuð til heimilisþarfa, greiðist enginn vatnsskattur, en af vatnslögn í fjós greiðist kr. 40.00 fyrir hverja kú, sem í fjósinu er.

2. gr.

Vatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, verzlánir, báta og önnur atvinnu-fyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venju-lega ákveða með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi lög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu nemur, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagsstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutað-eigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði eða aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20 júní 1923, til að öðlast gildi 1. marz 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.